

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

B.t. Hinrik Greipsson

Skúlagata 4

101 Reykjavík

Súðavík, 23. febrúar 2017

Efni: Athugasemdir við rökstuðning Súðavíkurhrepps vegna kæru vegna sérreglna Súðavíkurhrepps vegna úthlutunar byggðakvóta á skip vegna fiskveiðiársins 2016/2017

Vísað er í bréf frá Súðavíkurhreppi dagsett 21. febrúar 2017.

Undirritaðir vilja koma á framfæri leiðréttingum á rangfærslur í umræddu rökstuðnings bréfi sveitarstjóra / sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps vegna samþykktra sérreglna vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiárið 2016/2017

Vísað er í eftirfarandi úr rökstuðnings bréfi sveitarstjóra/sveitarstjórnar: „Sveitarstjórn hafi á kjörtímabilinu 2014 – 2018 náð með góðum samfélagslegum árangri með úthlutun byggðakvóta. Áður hafi ekki verið starfandi vinnsla á svæðinu og byggðakvóti Súðavíkurhrepps endaði allur á markaði með fimm heilsárs störfum. Harðfiskvinnslan vinnur allan byggðakvóta sveitarfélagsins“.

Því skal til að svara:

1. Fullyrt er í umræddu rökstuðningsbréfi sveitarfélagsins að harðfiskvinnslan (Vestfiskur ehf) hafi byrjað rekstur í Súðavík eftir árið 2014

Hið rétta er að harðfiskvinnslan hefur verið starfandi í Súðavík frá byrjun ársins 2006 og hóf sinn rekstur án nokkurrar tengingar við úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins.

2. Fullyrt er í umræddu rökstuðningsbréfi sveitarfélagsins að harðfiskvinnslan í Súðavík vinni allan byggðakvóta sveitarfélagsins í Súðavík.

Hið rétta er að harðfiskvinnslan í Súðavík (Vestfiskur ehf, kt. 691093-2209) er ekki kaupandi af byggðakvóta, né mótframlagi sem berst af landi í Súðavík. Kaupandi byggðakvóta og mótframlags sem hefur borist að landi í Súðavík a.m.k. frá árinu 2012 hefur að mestu verið keyptur af Fiskvinnslunni Íslandssögu á Suðureyri, kt. 481299-3069, þannig hefur byggðakvóta og mótframlagi að mestu verið ekið frá Súðavík til Suðureyrar til vinnslu.

3. Fullyrt er í umræddu rökstuðningsbréfi sveitarfélagsins að: fram að því að harðfiskvinnslan hóf rekstur í Súðavík hafi allur byggðakvóti sveitarfélagsins endað á markaði.

Frá árinu 2012 eða 2013 hefur Fiskvinnslan Íslandssaga á Suðureyri keypt byggðakvóta og mótframlag sem landað hefur verið í Súðavík. Þeim afla hefur verið ekið til Suðureyrar og aflinn unninn þar. Fyrir árið 2012 eða 2013 var starfandi bolfiskvinnsla í Súðavík sem vann á staðnum aflann (aflinn flakaður) sem barst að landi samkvæmt reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa.

4. Vanhæfi oddvita sveitarfélagsins.

Varðandi vanhæfi oddvita við ákvarðatökur er varða sérreglur sveitarfélagsins vegna úthlutunar byggðakvóta til skipa undanfarin ár verður skoðað sérstaklega á öðrum vettvangi.

5. Varðandi innsent erindi undirritaðara frá 23. nóvember 2015.

Óskað er eftir því að Súðavíkurrheppur sendi undirrituðum skriflegt svar, niðurstöðu sveitarfélagsins, þar sem slíkt svarbréf hefur ekki enn borist þrátt fyrir að tæpir 15 mánuðir séu síðan erindið var sent inn á borð sveitarstjórnar.

Að öðru efni í rökstuðningi sveitarfélagsins:

Rökstuðningur sveitarfélagsins um að:

„Með því að tengja sæbjúgnaverkefni við byggðakvóta, næst að veiðar allan byggðakvóta sveitarfélagsins sem mun í heild skila sér í harðfiskvinnsluna á svæðinu með framleiðsluaukningu og mögulega fleiri störfum“.

Ofangreint fullyrðing hljómar ágætlega en stenst enga skoðun, hvorki þegar horft er til þeirra laga og reglugerða sem fjalla um úthlutanir byggðakvóta á skip og hvernig landaður byggðakvóti og mótframlag hefur verið nýtt á svæðinu, né er hægt að fullyrða það hér og nú að hægt sé að veiða allan byggðakvóta sveitarfélagsins vegna vilja sveitarstjórnar til að úthluta sérstaklega Aurora Seafood þar sem Aurora Seafood hefur einungis áform um að hefja starfsemi í Súðavík.

Þannig eru samþykktar sérreglur sveitarfélagsins vegna úthlutunar byggðakvóta 2016/2017 ekki í samræmi grunnforsendur þeirra skilyrða sem þarf að uppfylla til að eiga kost á úthlutun byggðakvóta á skip og er í raun í andstöðu við laga- og reglugerðaumhverfi þeirra.

Sveitarstjórn ber að sýna frumkvæði í því að fara eftir lögum og reglum, gæta jafnræðis meðal íbúa og fyrirtækja og tryggja í þessu tillittekna sambandi að útgerðum sé gefin jafn kostur á að sækja um úthlutun byggðakvóta, samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda hverju sinni.

Það hefur ekki verið gert með samþykkt sveitarfélagsins á sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta 2016/2017 eins og áður hefur komið fram.

Því skal ítrekað, eins og kom fram í bréfi okkar dagsett 19. febrúar sl. að við teljum verulega brotið á okkar félagi, jafnræðis og hlutleysis er ekki gætt og verður skoðað að leita réttar okkar fyrir dómstólum komi til þess að Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið samþykki nýlega beiðni sveitarfélagsins um sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiárið 2016/2017.

F.h. Lífsbjargar ehf.



Halldór Magnússon